

Akraneskaupstaður  
B.t. Sævars Freys Þráinssonar, bæjarstjóra  
Dalbraut 4  
300 Akranes

Reykjavík, 23. nóvember 2022

**Efni: Ósk um viðræður um uppbyggingu við Jaðarsbakka**

Í kjölfar samtals og skoðunar á undanförnum mánuðum með bæjarstjóra Akraneskaupstaðar um mögulega aðkomu að uppbyggingu ferðaþjónustu, atvinnulífs og íbúabyggðar á Akranesi, þá lýsir Ísold fasteignafélag yfir vilja sínum til að eiga formlegt samstarf við Akraneskaupstað, íþróttabandalag Akranes og Knattspyrnufélagi ÍA um uppbyggingu á Akranesi.

Ísold fasteignafélag, kt. 551122-0850 er tilbúið til formlegs samstarfs um uppbyggingu á:

**Hótel og baðlóni við Jaðarsbakka:**

Um yrði að ræða u.þ.b. 80 herbergja hótel og baðlón sem tengist Langasandi og Guðlaugu. Frumskoðun í samstarfi við Akraneskaupstað hefur leitt til þess að aðgangur að heitu og köldu vatni ásamt nýtingu á rými inn á svæðinu bíður upp á nýja möguleika þar sem riflega 5.000 m<sup>2</sup> hótel og 650 m<sup>2</sup> heilsulind og 600 m<sup>2</sup> laugarker myndi sóma sér vel í umhverfinu. Samstarf um verkefnið yrði á öllum stigum með Íþróttabandalagi Akraness og Knattspyrnufélagi ÍA og munu verkþættir samstarfsins ná m.a. til:

- Stefnumörkunar á ferðaþjónustu fyrir Akranes til að styrkja uppbyggingu hótel og baðlóns sem gætu náð til almennra tækifæra á Akranesi, heilsutengdrar ferðaþjónustu og samlegðartækifæra með sjúkrahúsi Akraness.
- Hönnunar hótel, baðlóns og skipulags á svæðinu til að tryggja að hagsmunir íbúa, íþróttafélaganna og annarra hagsmunaaðila séu sem best tryggðir og tækifæri tengd ferðaþjónustu á Akranesi séu nýtt.
- Samhliða yrði unnið að skipulagi og svo uppbyggingu á íþróttamannvirkjum á Jaðarsbökkum.
- Nýtingu annarra tækifæra sem svæðið hefur.

Lagt er til að Akraneskaupstaður, ÍA, KFÍA og Ísold fasteignafélag gangi frá viljayfirlýsingu varðandi fyrrgreinda uppbyggingu og samstarf um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum.

*Virðingarfyllst f.h. Ísold fasteignafélags,*

  
Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson